Neytenda samtökin

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
101 Reykjavík

Reykjavík 6. nóvember 2026

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á markaðssetningarlögum o.fl. (réttarúrræði neytendaverndarsamtaka). 84. mál, 158. löggjafarþing 2026-2027.**

Neytendasamtökin styðja markmið frumvarpsins um að efla úrræði til verndar heildarhagsmunum neytenda. Samtökin fagna sérstaklega fyrirhuguðum breytingum á heimild samtaka til að krefjast lögbanns sem eru til þess fallnar að gera úrræðið raunhæfara og skilvirkara.

**Aðild hjá Neytendastofu**

Að því er varðar 1. gr. frumvarpsins um aðild að málum hjá Neytendastofu vísa Neytendasamtökin til umsagnar stofnunarinnar og þeirra sjónarmiða sem þar koma fram um eðli eftirlitsins, forgangsröðun mála og skilvirkni málsmeðferðar.

Samtökin telja jafnframt nauðsynlegt að skýra samspil 1. gr. frumvarpsins og 3. mgr. 22. gr. laga nr. 44/2026. Samkvæmt síðarnefnda ákvæðinu telst sá sem beinir erindi til Neytendastofu ekki aðili að máli. Hinu nýja ákvæði er ætlað að tryggja samtökum aðild og kæruheimild, en 3. mgr. 22. gr. stendur óbreytt. Því þarf að taka skýrt fram hvort, og þá að hvaða marki, hið nýja ákvæði feli í sér undanþágu frá 3. mgr. 22. gr.

**Lögbann til verndar heildarhagsmunum neytenda**

Neytendasamtökin styðja þá breytingu sem lögð er til í 3. gr. frumvarpsins. Mögulegur réttur einstakra neytenda til endurgreiðslu eða skaðabóta á ekki einn og sér að standa í vegi fyrir lögbanni til verndar heildarhagsmunum neytenda.

Það er grundvallarmunur á því að bæta tjón eftir á og að stöðva háttsemi sem getur áfram valdið neytendum tjóni. Kröfur einstakra neytenda geta verið lágar og kostnaður við að sækja þær úr hófi miðað við fjárhæð þeirra. Möguleiki á endurgreiðslu síðar tryggir hvorki að neytendur leiti réttar síns né að komið verði í veg fyrir frekari brot.

Heildarhagsmunir neytenda takmarkast því ekki við samanlagðar fjárkröfur þeirra sem þegar hafa orðið fyrir tjóni. Þeir fela einnig í sér hagsmuni af því að stöðva ólögmæta viðskiptahætti og koma í veg fyrir að fleiri neytendur verði fyrir þeim.

Undanþágan í 3. gr. frumvarpsins tekur einnig til 2. tölul. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990, sem heimilar að synjað sé um lögbann vegna stórfelldra hagsmuna gerðarþola í samanburði við

hagsmuni gerðarbeiðanda. Í greinargerðinni er þó aðeins fjallað sérstaklega um undanþágu frá 1. tölul. Samtökin leggja því til að einnig verði sérstaklega gerð grein fyrir undanþágu frá 2. tölul. í málum sem varða heildarhagsmuni neytenda.

Samtökin eru sem fyrr reiðubúin að koma á fund nefndarinnar og fylgja umsögninni eftir.

Virðingarfyllst, f.h. Neytendasamtakanna

Breki Karlsson
Formaður Neytendasamtakanna

Una Magnea Stefánsdóttir
Lögfræðingur Neytendasamtakanna